

57 — *Brjef innanháskisráðgjafarinnar til landshöfðingja um skaðabætur fyrir*
 27. febr. að breytt var út afferða-áætlan þóstgufuskipsins Arktúrusar. —
 Í þóknalegu brjefi frá 28. nóvbr. f. á hafið þjer, herra landshöfðingi, minnst á skaða-
 bótakröfur amtráðsins í norður- og austurumdæminu og kand. theol. Lárusar Halldórssonar fyrir tilkostnað nokkurn á Seyðisfirði, er varð til ónýtis vegna þess, að gufuskipið
 Arktúrus kom ekki við á firði þessum á 4. ferð sinni frá Íslandi í fyrra.

Út af þessu skal ekki látið hjálíða að tjá yður, að ráðgjafinn getur eigi talið
 þóststjórnina skylda að greiða slíkar skaðabætur; en vilji áminnst amtsráð og kand.
 Lárus Halldórsson hefja málsókn og láta dóm ganga um skaðabótakröfuna, mun ráðgjaf-
 inn eigi mæla í móti því, að málin verði höfðuð gegn yfirstjórn þóst- og telegrafs- mál-
 anna.

Að því er ráða má af því, sem stendur í brjefi yðar, hafið þjer viljað finna skaða-
 bótakröfunni stoð í ummælum ráðgjafans í brjefi frá 1. nóvbr. f. á., og þykir ráðgjafan-
 um því rjettast að bæta því við, að það er hvorttveggja, að hann hafið ekki ætlað sjer
 að láta í ljósi álit sitt um skaðabótamálið í það sinn, enda er að því er virðist eigi þann
 veg hagað orðum í áminnstu brjefi, að tilefni sje til að skilja þau á þá leið.

58 — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfírváldanna um prentun á Balslevs biblí-*
 20. marz íusögum. — Í brjefi frá 2. p. m. hafið þjer skýrt mjer frá, að með því að beiðni
 hafi komið frá prófasti um að fá sem allra fyrst 50 expl. af Balslevs biblíusögum, en hið
 síðasta upplag þessarar bókar reyndist þá vera uppgengið, hafið þjer samið við prentara
 Einar Þórðarson um að gefa út á sinn kostnað og fara þegar að prenta nýtt upplag af
 bók þessari, sem skyldi vera að stærð 1400 expl. og seljast með sama verði og síðasta
 útgáfa hennar hefði verið seld, eða fyrir 50 aura hvert expl. óinnbundið. Hafið þjer, með
 því að forlagsrjetturinn til nefndrar bókar er eign landssjóðsins, beiðzt samþykkis míns
 til þessarar ráðstafanar, og getið þess, að prentarinn því að eins hafi verið áánlegur til
 að selja bókina fyrir sama verð og áður, að ekkert þyrfti að greiða eiganda forlagsrjett-
 arins fyrir útgáfu hennar. Enda ætlið þjer og, að útgáfa bókarinnar á kostnað landssjóðs
 hefði eigi haft neinn ágóða í för með sjer fyrir nefndan sjóð, nema því að eins að sölu-
 verð bókarinnar hefði verið hækkað.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknalegrar leiðbeiningar, að jeg eptir málavöxt-
 um samþykki það, sem þjer þannig hafið gjört.

59 — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfírváldanna um þóknun fyrir bókavörzlu*
 20. marz við prestaskólann. — Með brjefi frá 2. p. m. hafa stiðtsyfírvöldin sent mjer
 beiðni forstöðumanns prestaskólans um það, að umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni
 Árnasyni, verði veittar 40 kr. um árið í þóknun fyrir að hafa á hendi umsjón og útlán
 á bókum prestaskólans, á meðan þær hafi húsrúm í bókhöðu hins lærða skóla, og að
 þessu gjaldi verði þetta ár ávísað honum af fje því, sem ætlað er til bókakaupa
 handa prestaskólanum, og hafið þjer mælt fram með, að þessi beiðni verði veitt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknalegrar leiðbeiningar og birtingar, að með
 því að ekki virðist vera heimild til að greiða slíka þóknun af fje því, sem beinum orðum er
 veitt til bókakaupa, samkv. 13. gr. B I b. 3. í fjárlögunum, og með því að laun þau,
 sem bera umsjónarmanninum við bókasafn hins lærða skóla, er bókasafn prestaskólans